

Reglur um Ungmennaráð Húnavatnshrepps

sbr. lög nr. 70/2007

1. gr.

Hlutverk Ungmennaráðs er:

- að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Húnavatnshreppi.
- að gera tillögur til Menningarmála- og æskulýðsnefndar og sveitarstjórnar um hvernig best væri að standa að forvarnarmálum ungmenna.
- að leggja fram tillögur um það hvernig æskilegt væri að haga starfsemi stofnana sveitarfélagsins.
- að gera tillögur um þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps skipar Ungmennaráð að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

- Nemendafélag Húnavallaskóla skipar tvo fulltrúa og tvo til vara.
- Nemendafélag Fjölbautaskóla Norðurlands vestra tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- USAH tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Sveitarstjórn Húnavatnshrepps tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Við tilnefningar í ráðið skulu stofnanir/félög leitast við að kynjaskipting sé jöfn.
- Tilnefning í ráðið skal gilda frá 1. október til eins árs í senn.
- Meðlimir Ungmennaráðs skulu hafa lögheimili í Húnavatnshreppi og vera á aldrinum 14-20 ára. Ráðið kýs sér sjálft formann, varaformann og ritara.

3. gr.

Ungmennaráð Húnavatnshrepps skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu. Til þess að svo megi verða getur Ungmennaráð t.a.m. staðið fyrir opnum fundum, ungmennapíngum og öðrum viðburðum sem eru líklegir til að draga fram sjónarmið ungs fólks í sveitarfélaginu.

Reglur um Ungmennaráð Húnavatnshrepps

sbr. lög nr. 70/2007

4. gr.

- Ungmennaráð skal funda að lágmarki 4 sinnum yfir skólaárið á skipunartíma sínum.
- Dagskrá funda er ákveðin af formanni Ungmennaráðs í samráði við sveitarstjóra Húnavatnshrepps og send út með tveggja vikna fyrirvara.
- Menningarmála- og æskulýðsnefnd og Ungmennaráð skulu halda sameiginlegan fund tvisvar á skipunartíma Ungmennaráðs en oftar ef þurfa þykir. Ungmennaráð skal funda einu sinni á skipunartíma sínum með sveitastjórn.
- Greiða skal þóknun fyrir hvern fund í ungmennaráði skv. ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.
- Kostnaður vegna starfsemi Ungmennaráðs greiðist úr sveitarsjóði, fer samkvæmt fjárhagsáætlun og er háður samþykki sveitarstjóra
- Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.
- Fundir Ungmennaráðs skulu skráðir og skal fundargerð send til sveitarstjórnar. Fundargerðir Ungmennaráðs skulu vera opinberar og aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Um starfshætti Ungmennaráðs fer samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Sveitarstjóri er tengiliður Ungmennaráðs við stjórn sveitarfélagsins og Menningarmála- og æskulýðsnefnd. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar í málum sem ráðið tekur til umfjöllunar.

5. gr.

Reglur þessar gilda frá 1. nóvember 2020.

